



**Ávarp forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á ársfundi BÍlgreinasambandsins
19. apríl 1997**

Heiðruðu fundargestir.

Sagt hefur verið að saga síðustu 50 ára hafi verið viðburðaríkari og áhrifameiri til breytinga en allur ferill mankyns áður fyrr. Við sem erum jafngömul íslenska lýðveldinu og teljum þennan tíma í eigin æviárum erum oft undrandi yfir hve reynsla sem okkur er fersk minning er öðrum yngri Íslendingum sérstök og forvitnileg fortíð.

Á Bessastöðum er margt muna og minja sem vísa til upphafsára lýðveldisins, þess tíma þegar fátæk og fámenn þjóð í harðbýlu landi var að klæða sjálfstæði sitt í búning hversdags og hátíðleika, finna hvað hæfði stolti þeirra sem lengi höfðu barist fyrir fullveldi og lýðveldi á Íslandi.

Á hálfri öld sem liðin er frá lýðveldistökunni á Þingvöllum hefur embætti forseta Íslands breyst og þroskast í takt við straumföll hvernar tíðar.

Síðan ég tók við þeirri ábyrgð sem í forsetaembættinu felst hefur mér oft verið hugsað til upphafsáranna, forsetatíðar Sveins Björnssonar. Hans beið það verkefni að búa embættið úr garði, hanna eins og sagt er á okkar tíð, nánast allt sem því tengdist, ekki aðeins verklag og form, framgöngu, siði og stíl, heldur einnig ákveða allt sem til þurfti svo umgjörð forseta lýðveldisins hæfði sjálfstæðri þjóð sem þurfti að sanna tilverurétt sinn í samfélagi ríkja heimsins.

Að hafa til hnífs og skeiðar er orðatiltæki sem við öll þekkjum en það átti í bókstaflegri merkingu við fyrsta forseta lýðveldisins. Auk margs annars lét hann gera silfurborðbúnað fyrir 60 manns með inngröfnu skjaldarmerki á hverjum hlut og flytja í sérsníðuðum eikarkistum til landsins. Eru þær kistur enn geymslustaður borðbúnaðarins milli þess sem hann er notaður í hádegi og á kvöldi þegar gestum er fagnað á Bessastöðum.

Þannig mætti telja lengi dags, en eitt af því mikilvægasta í aðbúnaði, umgjörð og framgöngu forseta hins unga lýðveldis var hvernig hann héldi frá Bessastöðum til höfuðborgarinnar og heim í hlað í byggðum landsins.

Margir höfðingjar höfðu setið Bessastaði frá landnámstíð og má þar nefna sem dæmi Snorra Sturluson, amtmenn konungsins, Grím Thomsen. Allir höfðu þeir verið vel búnir að gæðingum. Svo varð einnig að vera með forseta lýðveldisins unga.

Höfðingjar fyrri alda voru dæmdir eftir því hvort þeir voru vel ríðandi. Forseti Íslands yrði á tækniöld dæmdur eftir því hve vel bílandi hann væri. Þetta vissi Sveinn Björnsson og það er hér sem Packardinn kemur til sögunnar.

Bifreiðin, farkostur forsetans, var á margslunginn hátt tengd atburðarrás á upphafskeiði lýðveldisins, sögu nýfrjálsrar þjóðar, hátíðarstundum íbúa í fjölmörgum byggðarlögum landsins.

Á Bessastöðum er varðveitt mikið safn ljósmynda sem sýna sögu íslenska lýðveldisins og auk þess eru geymdar á safni látinna ljósmyndara hundruð mynda sem endurspeglar framgöngu fyrsta forsetans og þjóðlíf fyrri tíðar.

Myndirnar sýna tignarfólk í hlaðinu á Bessastöðum, alþýðu Íslands í hátíðarskapi á bryggjusporði eða á þorpsgötu, móttökusveit við samkomuhús eða kirkjudyr, ferðir um fjöll og dali.

Aðeins tvennt er sammerkt öllum þessum myndum: Forsetinn og bíllinn. Á mörgum þeirra er greinilegt að bíllinn hefur þótt mun merkilegri gestur. Fjöldinn safnaðist oft í kringum Packardinn en forsetinn var jafnvel skilinn eftir einn og sér. Slíkt kemur mér reyndar ekki á óvart í ljósi eigin reynslu því sannarlega voru margir í hópi æskufólks í Ísafjarðarsýslum og á Barðaströnd sem við hjónin heimsóttum í fyrra sem fannst forsetabíllinn greinilega miklu merkilegri og forvitnilegri. Ásóknin í skoðun á honum var slík hjá æskufólki byggðarlaganna að Þorvaldur bílstjóri okkar var hvað eftir annað vinsælasti maðurinn á staðnum.

Fátt er þjóð dýrmætara á tímum hraðfara breytinga en að varðveita sögu sína, að eiga sér rætur sem gera fortíð, nútíð og framtíð að samfelldri heild. Sú saga sem birtist okkur á gömlum myndum og í öðrum heimildum um liðna tíð verður enn raunverulegri, sannari og nálægari ef við getum með eigin augum litið það sem þá var nýtt og best, þreifað á þeim gripum sem tengjast því fólki sem gamlar myndir geyma, fólki sem horfið er yfir móðuna miklu en skapaði með lífsstarfi sínu það Ísland sem við höfum hlotið í arf.

Það er mikið lán að fyrirhyggja og umhirða glöggra manna skuli hafa orðið til þess að sá gripur sem umfram aðra tengist upphafs skeiði í samspili forseta og þjóðar, þroskatíma hins unga lýðveldis, merkisdögum í sögu lands og héraða, skuli nú standa hér á hlaðinu, að vísu ellimóður og slitinn nokkuð, en engu að síður reiðubúinn og hæfur til að vera á ný klæddur í þann búning sem talinn var til sóma þegar áður fyrr var tjaldað því besta.

Það var í senn skemmtileg og merk hugmynd sem áhugamenn færðu mér fyrr í vetur að Packard fyrsta forseta lýðveldisins, Sveins Björnssonar, yrði af fagfólki færður í upprunalegt horf og gerður til þjónustu reiðubúinn.

Ég vil á þessari stundu þakka þeim frumkvæðið og jafnframt lýsa sérstakri ánægju með góðar undirtektir forystumanna Bílgreinasambandsins og góðan vilja fræðslumiðstöðvar bílgreina Fornbílaklúbbsins, og Bíliðnafélagsins að taka þátt í þessu verki. Þjóðminjasafnið á einnig heiður skilinn fyrir að hafa strax tekið vel í hugmyndina. Viðgerðin mun endurspegla þá hæfnikunnáttu sem fagfólk í bíliðn býr yfir og sýna að aukin áhersla á menntun innan greinarinnar skilar sér í góðu verki.

Sjálfsgott mun það taka einhvern tíma að gera Packardinn sem nýjan en von mín er að því verði lokið fyrir árið 2000 svo við getum heilsað nýrri öld í farkosti fyrsta forseta lýðveldisins.

Packardinn yrði síðan hátíðarbifreið forseta Íslands, notaður við sérstök tækifæri, 17. júní, setningardag Alþings, og svo að sjálfsgöðu settur undir kóna og drottningar sem hingað koma í heimsókn.

Um leið og bifreiðin yrði tekin í notkun á ný væri við hæfi að opna sýningu á fjölmörgum myndum sem sýna hve ríkulega Packardinn er tengdur þjóðarsögu okkar Íslendinga, tengiliður okkar við það ágæta og merka fólk sem skóp og þróaði lýðveldið Ísland, höfuðborg og byggðir landsins.

Um leið og þessu verki er ýtt úr vör hér á ársfundi Bílgreinasambandsins flyt ég öllum þeim sem koma munu að verkinu þakkir og heillaóskir um gott gengi.

Bifreiðin hefur orðið þarfur þjónn okkar tíma, tæki svo samofið okkar hversdagslega lífi að það er nánast óhugsandi án hennar. Það verður því ánægjulegt að geta einnig tengt sögufrægan bíl frá upphafsárum íslenska lýðveldisins við hátíðlegustu stundir þjóðarinnar á komandi öld.

Hafið þið öll þökk fyrir góðan hug til þessa verks.